

Ósannsögli og sjóræningjasögur



Öll börn láta stundum reyna á áhrifamátt ósannsöglinnar og slíkt ber ekki að taka sem vott um illt innræti. Viðbrögð við skröksögum ættu að vera hófstíllt en ákveðin. Of hörð viðbrögð geta jafnvel kallað á enn meiri ósannsögli.

- Veitið allri jákvæðri hegðun mikla athygli.
- Ósannsögli ætti að leiðrétta þegar upp um hana kemst, áður en barnið festist í ítrekuðum lygasögum sem stundum hafa tilhneingingu til þess að vefja upp á sig. Það ætti að gera á hlutlausan hátt (t.d. „Nei, þetta er ekki rétt hjá þér. Þú hefur aldrei komið til Kína“).
- Fyrir kennara sem ekki þekkir vel til persónulegra aðstæðna nemenda getur hins vegar verið erfitt að mæla á móti ólíklegum fullyrðingum barns. Gott upplýsingastreymi milli heimilis og skóla er mikilvægur liður í að hjálpa nemandanum inn á réttar brautir.
- Uppalendur ættu að gera greinarmun á ósannsögli sem felst í óskhyggju lítils barns (t.d. „Mamma og pabbi ætla að skila litlu systur, hún er alltaf grenjandi“) og lygum sem er beitt vísitandi til þess að blekkja („Jón stal símanum mínum“).
- Lítil börn orða langanir sínar stundum sem fullyrðingu (t.d. „Ég fæ líka lítinn kettling“ þegar vinurinn sýnir nýfenginn kettlinginn). Umræður um slíkar fullyrðingar ættu aðallega að snúast um tilfinningar barnsins (t.d. „Langar þig líka til að eiga kettling? Heldur þú að það myndi vera skemmtilegt?“). Ef um ítrekað tal af ímynduðum heimilisketti er að ræða þrátt fyrir slíkar umræður getur uppalandi þurft að orða staðreyndirnar skýrar, t.d. „Við ætlum ekki að fá okkur kött og þú færð ekki kettling, en ég veit að þig langar að eignast kettling“. Í kjölfarið er skynsamlegt að hunsa umrætt tal.
- Stundum er samhengi ósannsögli og jákvæðra afleiðinga hennar nokkuð ljós (t.d. barn sem skrökvar að það sé búið að læra svo það geti farið út að leika) en í öðrum tilfellum krefst það nánari skoðunar að sjá samhengi hlutanna. Ef vel er að gáð má oft sjá hvað ýtir undir ósannsögli (t.d. að barnið fær eitthvað eftirsóknarvert með því að segja ósatt og/eða það kemst undan einhverju sem það vill sleppa við). Það getur veitt foreldrum áhugaverðar upplýsingar að skrá niður þegar barnið segir ósatt og hvað það segir auk þess að skrá hugsanlegar skýringar á hegðuninni.
- Stundum skrökva börn þegar þau lenda í erfileikum með að útskýra hegðun sína og færa rök fyrir máli sínu eða vegna þess að þau skortir innsýn í eigin hegðun. Í þessum aðstæðum er rétt að láta vera að skamma barnið (t.d. fyrir að koma of seint) heldur mætti reyna að hjálpa því að orða hugsanlegar skýringar (t.d. „Ég gleymdi mér og fór að leika mér í staðinn fyrir að fara beint heim“).

- Verið óspör á að benda barninu á þegar það greinir rétt frá (þrátt fyrir að það geti sloppið betur frá aðstæðunum með lygum) og veitið slíku jákvæða athygli, t.d. „Þakka þér fyrir að segja mér að þú hafir brotið diskinn. Þú ert heiðarleg stelpa“.
- Miðlið barninu trú ykkar á að saman getið þið útrýmt vandamálinu; með hjálp ykkar og viðurkenningu á vandanum getið þið náð góðum árangri.
- Ræðið oft við barnið um að heiðarleiki sé einn af eiginleikum þess. Jafnvel barn sem oft bregður fyrir sig skróksögum segir samt sem áður oftast satt frá. Ef barnið er uppvíst að lygum má bregðast við með því að segja eitthvað í þessum dúr: „Nú er ég hissa. Ég veit að þú ert heiðarlegur og venjulega segir þú satt og rétt frá“.
- Harkalegar ásakanir í garð barns geta kallað á afneitun, t.d. ef sagt er með reiðisvip: „Gerðir þú þetta þó ég sé búin að segja þér að gera það ekki?“ Fyrstu viðbrögð margra barna við slíkum ásökunum er að svara neitandi.
- Skróksögur eru í sumum tilfellum merki um lágt sjálfsmat og þeim er beitt til þess að byggja upp sjálfsmyndina (t.d. „Ég er búinn að lesa allar þessar bækur“). Ef um slíkt er að ræða er mikilvægt að hjálpa barninu við að byggja upp jákvætt sjálfsmat. Sjá pistil um sjálfsmat á heimasíðu Skólaskrifstofu.
- Mikilvægt er að uppalendur gæti þess að ýta ekki undir ósannsögli með því að það sem barnið segir hafi jákvæðar afleiðingar fyrir það (T.d. að leyfa barninu að fara til vinkonu sinnar án þess að kanna fyrst hvort það fari rétt með...“Mamma sagði að ég mætti fara til Báru“. Þegar upp kemst um ósannsöglina er best að sækja barnið strax til Báru án þess þó að gera stórmál úr hlutunum – eða biðja foreldra Báru um að senda barnið heim.
- Börn horfa á heiminn í svart-hvítum lit. Ýmist eru menn góðir eða illir. Gott fólk gerir góða hluti og vont fólk gerir slæma hluti. Barn sem skrökvar óþarflega oft getur farið að samsama sig síðarnefnda hópnum. Hjálpið barninu að gera greinarmun á vondum gjörðum sem alla hendir einhvern tímann og vondum persónum sem eru al-illar. Þó svo að barnið hafi orðið uppvíst af því að segja ósatt og að sú hegðun sé ekki rétt, þá er barnið gott í sjálfu sér, býr yfir mörgum kostum og það á rétt á að öðrum þyki vænt um það.
- Uppalendur ættu að forðast að nefna barnið illum nöfnum, t.d. „Þú er lygari“. Slíkt tal er ekki uppbyggilegt, þvert á móti er stutt í að barnið hugsi (ómeðvitað) „Mamma trúir því að ég sé alltaf að ljúga, hvers vegna ætti ég að reyna að segja sannleikann?“. Með líkum ásökunum er verið að styrkja óheppilega mynd barnsins af sjálfu sér.
- Þegar bregðast þarf við einstökum tilfellum sem upp koma í skóla er réttast að ræða við viðkomandi nemanda í einrúmi en ekki fyrir framan aðra nemendur.
- Gerið börnum sem eru gjörn á að segja ósatt ljósar afleiðingar þess, t.d. að það sé ekki líklegt til vinsælda og þegar maður lýgur á fólk erfitt með að trúna manni og treysta. Ræðið að fyrir aðra verður erfitt að greina á milli hvenær verið er að segja satt og hvenær ekki. Hægt er t.d. að vísa í söguna af drengnum sem hrópaði „Úlfur, úlfur“. Ræðið við barnið um að ósannsögli er engra meina bót og getur ekki leyst neinn vanda.
- Stundum getur einhverskonar yfirlát verið liður í því að hjálpa barninu að líða betur og byggja upp sjálfsmynd þess sem heiðarlegrar manneskju (t.d. að skila eða bæta fyrir hlut sem það hefur eyðilegt eða stolið).

- Skriflegir samningar sem veita barninu möguleika á viðeigandi umbun fyrir sannsögli (=að verða ekki uppvís að ósannsögli) geta skilað góðum árangri. Á heimasíðu Skólaskrifstofu eru upplýsingar um umbunakerfi sem styðjast mætti við; www.skolaust.is.
- Svokallaðar félagshæfnisögur geta einnig komið að góðum notum. Ráðleggingar um gerð félagshæfnisagna má m.a. finna á vef Greingarstöðvar; www.greining.is undir tenglinum „Hagnýtt efni“.
- Eins og með margt annað eru foreldrar og aðrir uppalendur mikilvægar fyrirmyndir barna sinna varðandi þessi mál. Foreldri sem slítur símtali við ættingja með því að segja að grauturinn sé að sjóða upp úr pottunum þegar það er ekki reyndin hefur það fyrir börnum sínum að lygar séu eðlilegar í samskiptum við annað fólk.

Gangi ykkur vell!

Aðalheiður Jónsdóttir, sálfræðingur

Birt í janúar, 2014 á vef Skólaskrifstofu Austurlands; www.skolaust.is